

Fundargerð
15. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 22. október 2018, kl. 08:30

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi
Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson, stjórnarformaður, Kópavogi
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbæ
Ásgeir Bjarni Garðarsson, Hafnarfjarðarbæ

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., Guðrún Eva Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri SORPU bs. og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2019

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

- a) Rekstraráætlun SORPU bs. 2019-2023, 3. drög.
- b) Yfirlit yfir áætlaðar greiðslu sveitarfélaganna til SORPU bs. á árinu 2019.
- c) Vinnuskjal – „Umfjöllun um nokkrar tillögur um breytingar á endurvinnslustöðvum“.

Formaður og framkvæmdastjóri SORPU bs. fór yfir meginþætti í endurskoðaðri tillögu að rekstraráætlun byggðasamlagsins, sbr. samþykkt á 14. eigendafundi.

Ennfremur var farið ítarlega yfir rekstur endurvinnslustöðva og tillögur um mögulegar breytingar í rekstri þeirra sbr. C lið hér að ofan.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendafundurinn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að rekstraráætlun byggðasamlagsins. Stjórn SORPU bs. mun eftir sem áður vinna að skoðun leiða til að lækka rekstrarkostnað byggðasamlagsins og sérstaklega leiðir til að lækka kostnað sveitarfélaganna vegna reksturs endurvinnslustöðva sbr. C lið hér að ofan.

2. mál: Urðunarstaður í Álfsnesi – staða vegna starfsleyfis og tímasetningar í eigendasamkomulagi frá október 2013

Framkvæmdastjóri SORPU bs. upplýsti um stöðu umsóknar um framlengingu á starfsleyfi vegna urðunarstaðarins. Beðið er svars ráðuneytis við umsókninni.

3. mál: Samstarf sorpsamlaga á suðvesturhorni – viljayfirlýsing og staða viðræðna um mögulegan framtíðarurðunarstað á suðurlandi

Rætt var um stöðu í viðræðum SORPU bs. og SOS bs. um sameiginlegan urðunarstað fyrir óvirkan úrgang og gerð nýs skammtímasamnings milli SORPU bs. og SOS bs. sbr. samþykkt eigendafundar frá 1. október sl.

Niðurstaða:

Samþykkt að framkvæmdastjóri SORPU bs. haldi áfram frágangi samnings milli aðila sem m.a. byggir á 50% hækkun á samningsverði frá fyrri samningi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 10:00

Páll Guðjónsson, fundarritari.